

## **Haustfundur Kvasis 2006 – Ísafirði 6. október 2006**

Ína setti fundinn og skipaði fundarstjóra Ingu Dóru Halldórsdóttur. Ritarar fundarins voru kosnir Valgerður Guðjónsdóttir og Guðrún Reykdal.

### **1. Kynningar á verkefnum símenntunarmiðstöðvanna.**

Ína reið á vaðið og sagði frátilraunaverkefni sem MSS hefur unnið að nokkur undanfarin ár í raunfærnimati fyrir ófaglærða starfsmenn í iðnaði. Verkefnið er styrkt af starfsmenntaráði og hefur það markmið að hvetja ófaglærða starfsmenn í iðnaði til að hefja nám að nýju og ljúka sveinsprófi. Þátttakendur í verkefninu voru einstaklingar sem höfðu hug á treíðngreinum, pípulögnum og málaraíðn.

Guðrún Reykdal kvaðst ekki vera beint með verkefni að segja frá en kaus þess í stað að segja frá uppbyggingu Þekkingarnets austurlands. Þar starfa m.a. faghópar sem vinna að því að leggja línur fyrir næsta ár og hvernig framkvæmd Þekkingarnetsins mun verða. Samningur við menntamálaráðuneytið til fimm ára gerir ráð fyrir skýrsluskilum. Markmið faghópanna er að þjóna íbúum alls landshlutans og á starfstímanum er stefnt að því að vinna þarfagreiningu til að ákveða betur hverjar áherslur skulu verða á næstu árum.

Smári kom með þrjú áhugaverð verkefni sem unnið er að hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða. Það eru verkefnin Fræðsluhönnun í heimabyggð, Átthagafræði og Ferðamálin. Fræðsluhönnun í heimabyggð gengur út á endurmenntun grunnskólakennara. Tilgangurinn er tvíþættur að halda fjármunum sem í þennan málaflökk fara heima í héraði og að uka menntunarstig svæðisins. Átthagafræði í Hólmavíkur-, Kaldrananes-, og Árneshreppi til að byrja með. Verkefnið er styrkt af starfsmenntaráði. Ferðamálin er verkefni um nýjungar í ferðaþjónustu á Vestfjörðum og er einnig styrkt af starfsmenntaráði. Samstarfsaðilar í þessu verkefni eru Markaðsskrifstofa Vestfjarða, Ferðamálasamtök Vestfjarða, Náttúrustofa Vestfjarða og Tourist Board Training í Skotlandi.

Ásmundur Sverrir sagði frá íslenska vírvirkinu sem styrkt er af starfsmenntaráði og einnig fjarkenndu námskeiði fyrir starfsfólk á

leikskólum. Hann sagði einnig frá tölvunámskeiði fyrir eldri borgara. Jón og hann sjálfur fara nú heim til gamla fólksins og kenna nú eldri borgurum á tölvurnar heima. Upphaflega átti þetta að vera klukkutími en það tosast nú í lengri tíma hvert sinn. Ásmundur sagði einnig frá því að nú er verið að vinna að stofnun eða uppbyggingu Háskóla Suðurlands. Búið er að skipa í stjórn og auglýsa eftir verkefnisstjóra. Bryndís sagði frá lesblinduverkefni sem Farskólinn vinnur nú að með Þóru Björk Jónsdóttur. Verkefnið er styrkt af Starfsmenntaráði og genur fyrst og fremst út á greiningu og ráðgjöf og er þátttakendum að kostnaðarlausu. Bryndís sagði svo frá því að hún hefur nú nýlokið diplómunámi í fullorðinsfræðslu í KHÍ og sagði frá því að allan tímann fannst henni að námið væri sniðið fyrir fólk í starfi eins og okkar.

Óli Halldórs frá Þekkingarsetri Þingeyinga ákvað að gera eins og Guðrún Reykdal og segja fyrst og fremst frá Þekkingarsetrinu frekar en ákveðnu verkefni. Setrið er afar sambærilegt við Þekkingarnet austurlands. Hann fór yfir hvernig stjórn eða framkvæmdaráð er skipað. Gunna Stína tók svo við og byrjaði á því að segja frá vinaneti sem hún notar í stað umboðsmanna. Einnig sagði hún frá ferð sem Fræþing fer með fulltrúa smárra fyrirtækja á haustin. Hún telur að með þessu móti náist betra samband við fyrirtækin og þannig um leið meiri aðsókn á námskeið vetrarins. Einnig hefur þetta aukið fylgi rannsóknarverkefna við stöðina.

Soffía frá Símey var ekki á fundinum en í hennar stað var Valgeir Magnússon. Hann er nýr starfsmaður stöðvarinnar, náms- og starfsráðgjafi og kvaðst ekki í stakk búinn að fara djúpt í starfsemin Símeyjar. Hann sagðist fyrst og fremst þekkja til verslunarfræðis sem verið er að vinna í stöðinni. Þetta er 51 einingar nám gengur vel, 11 nemendur eru á námskeiðinu. Soffía segir svo betur frá fjölvirkjanáminu síðar.

Inga Dóra sagði frá námskeiði sem stöðin á Vesturlandi er að fara af stað með í Búðardal í október um umhverfismál fyrir starfsfólk mjólkursamsölunnar. Verkefnið gengur út á að fólk öðlist betri skilning á umhverfismálum samtímans og því hvernig hver og einn getur lagt sitt af mörkum, bæði heima fyrir og á vinnustað, til að bæta umhverfið. Hún sagði einnig frá verkefni sem símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi er að fara af stað í. Þetta er evrópuverkefni sem gengur

út á það að virkja íbúa á ákv. svæðum til að hækka menntunarstigið og auka frumkvæði og ýta undir byggðapróun.

Valgerður segir frá þremur verkefnum:

Gæði ferðþjónustunnar sem er í undirbúningi og til fer af stað á vorönninni, samstarfsverkefni um málefni fatlaðra sem hefst nú í haust með tölvunámskeiði fyrir einstaklinga með fötlun og matreiðslunámskeið á vorönninni. Hún gat þess og að verið sé að vinna að þróunarverkefni sem heitir Íþróttir og lífsleikni fyrir sama hóp. Hún sagði einnig frá menningartengdu námskeiði sem fer af stað nú í haust og heitir Skráðu söguna á Heimaslóð [www.heimaslod.is](http://www.heimaslod.is)

## 2. María Guðmundsdóttir frá Samtökum ferðþjónustunnar SAF.

Hún gat þess að það væru átta ár síðan samtökin voru stofnuð. Starfsemi og stefna SAF er sameiginleg hagsmunamál ferðþjónustunnar og stöðug vinna að bættu starfsumhverfi. Menntun í samræmi við þarfir atvinnulífsins á hverjum stað er og þáttur sem mikið er uppi á borðinu hjá SAF um þessar mundir. Nýlega fór SAF í þarfagreiningu og aðgerðaráætlun um fræðslumál og má sjá niðurstöður hennar inni á heimasíðu SAF [www.saf.is](http://www.saf.is) María gat einnig samstarfsverkefnis sem SGS og SAF vinna nú að i menntun ófaglærðra í ferðþjónustu. Ferðþjónustan er í örum vexti og störfum fjölgar og þá er þar fyrst og fremst um elrenda starfsmenn. Þetta er verkefni sem SAF þarf að mæta á næstu misserum og þá hugsanlega með símenntunarmiðstöðvunum. María sagði og frá heimsóknnum bæði til Finnlands og Svíþjóðar sem farin var nýverið. Þar var fulltrúi símenntunarmiðstöðvanna Soffía í Símey. María fór sjálf til Svíþjóðar en Smári Thir til Finnlands. Gerður var samningur við Mennt um skipulagningu og umsýslu ferðanna. Eitt af því sem María lærði í Svíþjóðarferðinni er að endurmenntun innan ferðþjónustunnar er alfarið kostuð af ríki og sveitarfélögunum.

Hún nefndi það og að við yrðum að gera okkur grein fyrir því að íbúum hér kemur til meða að fjölga mjög á næstu árum og það sé ögrandi verkefni sem símenntunarmiðstöðvarnar standa frammi fyrir með SAF. María bauðst til að senda á okkur fréttabréf sem gefið er út hálfsmánaðarlega hjá SAF.

## 3. Starfsnefndaskil

**a) Guðjónína Sæmundsdóttir kynnti nefnd um verkefnastjórn um símenntun.**

Vika símenntunar var fyrsta málið sem nefndin fékk til umfjöllunar. Vangaveltur voru um hvort vikan væri að skila einhverju en niðurstaða nefndarinnar varð að leggja ekki Viku símenntunar niður. 8 milljónum hafði verið varið til Viku símenntunar en í fyrra var ákveðið að breyta forminu, 4 milljónir færu til fræðslu- og símenntunarmiðstöðva og 4 milljónir til Menntar. Óánægja var með að 4 milljónir hefðu farið í umsýslu með verkefninu í Reykjavík þ.e.a.s. til Menntar. Ákveðið var í ár að 1 milljón færi í umsýslu og restin í námskeiðahald. Starfsmenntaráð skar niður framlag sitt, úr 4 milljónum í 2 milljónir. Mennt vann í fyrra skýrslu um Viku símenntunar. Þar kemur fram ánægja meðal bankafólks og að fræðslu- og símenntunarmiðstöðvarnar gætu valið hvaða vika yrði Vika símenntunar.

Einnig var óskað eftir áliti nefndarinnar á því hvort ætti að setja lög um fullorðinsfræðslu. Búið er að vinna drög. Tillögur nefndarinnar lúta að rétti fullorðinna einstaklinga til að ljúka framhaldsskólanámi án auka kostnaðar í gegnum öldungadeild eða fjarnám og að því að fullorðnir einstaklingar eigi rétt á raunfærnimati.

Rætt hefur verið að utanumhald um Viku símenntunar verði í símenntunardeild menntamálaráðuneytisins. Verkefnastjórn verður trúlega lögð niður í núverandi mynd og verkefnum komið fyrir hjá símenntunardeild ráðuneytisins.

**b) Smári Haraldsson sagði frá starfsemi Leiknar.**

Styrkur fékkst frá menntamálaráðuneyti vegna heimasíðu og kynningar. Mennt mun taka að sér erlend samskipti fyrir Leikn og einnig koma upp heimasíðu fyrir Leikn.

Talið er mikilvægt að efla tengsl við aðila að samtökunum og boða félagsfund.

Norræna tengslanetið fundar tvisvar á ári. Fyrsti fundurinn á Íslandi var um daginn.

Ráðstefna verður í Stokkhólmi um mánaðarmót nóvember/desember.

**c) Smári Haraldsson skýrði frá þátttöku í stjórn Menntabráarinnar.** HÍ, HA og Kvasir eiga fulltrúa í stjórn Menntabráarinnar og hver fræðslu- og símenntunarmiðstöð á þar af leiðandi 1/27 í henni. Smári sagði að stjórn Menntabráarinnar væri þægileg þar sem aldrei hefði verið haldinn fundur en það er fulltrúi HÍ sem á að boða fund.

**d) Guðrún Kristín Jóhannsdóttir skýrði frá norrænni samvinnu, FNV.**

Ísland er aukaaðili í þessu samstarfi. Erfitt hefur verið að fá upplýsingar að sögn Guðrúnar. Hún fékk fyrir rest sendan ársreikning og kynningu. Guðrún sagði að erfitt væri að átta sig á út á hvað starfið gengi. Guðrún spurði hver hefði verið upphafleg hugmynd Kvasis varðandi þátttöku.

Smári sagði að þetta væru pólitísk samtök á vegum norrænu ráðherranefndarinnar. Kvenfélagasambandið og Bændasamtökin komu hér inn fyrst en seinna var óskað eftir að Kvasir tæki yfir þessa aðild. Leikn, heildarsamtök aðila í fullorðinsfræðslu á Íslandi voru stofnuð en í ljós kom að Leikn passaði ekki inn í þessi samtök. Guðjóna skýrði frá því að Kvasir hefði aldrei greitt neitt vegna þessarar aukaáildar.

**e) Guðrún Kristín Jóhannsdóttir skýrði frá starfi í gæðahópi innan NVL.**

Hefur verið fundað heilmikið og Guðrún hefur sent upplýsingar til fulltrúa Kvasis eftir hvern fund. Til stendur að gefa út skýrslu um gæðastarf innan fullorðinsskýrslu. Hugmyndin að fara yfir þróun síðustu 10 ára. Guðrún sendi spurningar til fræðslu- og símenntunarmiðstöðvanna og ítrekaði mikilvægi þess að fá svör.

**f) Valgerður Guðjónsdóttir skýrði frá Nordplus verkefni.**

Inga Sigurðardóttir á Vesturlandi var inn í þessu verkefni og Valgerður bættist síðan við. Danir stýrðu verkefninu en í stuttu máli þá hefur verkefnið lognast út af.

**g) Valgerður Guðjónsdóttir sagði frá Leonardo verkefni.**

Verkefnið gengur út á það að auka menntun í dreifðum byggðum á Grænlandi með fjarkennslu. Valgerður var nýlega á fundi í Kaupmannahöfn vegna verkefnisins. Englendingar, Finnar, Danir, Grænlandingar og Íslendingar standa að þessu verkefni. Ísland verður ráðgefandi aðili í verkefninu.

**h) Jóhann Ingólfsson skýrði frá skráningarkerfi FA.**

Jóhann var tilnefndur í nefnd sem átti að vinna með Fræðslumiðstöð atvinnulífsins í skráningarmálum. Tafir urðu vegna útboðsmála en nú er búið að gera samning við Betri lausnir. Innan 3ja vikna verður boðað til fundar og gerð þarfagreining.

**i) Smári Haraldsson og Bryndís Práinsdóttir fjölluðu um gæðamál fræðslu- og símenntunarmiðstöðvanna.**

FA hefur unnið gæðaviðmið sem á að vinna eftir við kennslu námsskráa frá FA. Smári og Bryndís telja að hægt sé að nýta þessi gæðaviðmið við starfið hjá fræðslu- og símenntunarmiðstöðvunum almennt og leggja fram þá tillögu að þessi vinna verði nýtt.

Gæðaviðmiðin, fimm flokka er að finna á heimasíðu FA. “Færni viðmið fyrir leiðbeinendur” t.d. voru aðlöguð að starfsemi fræðslu- og símenntunarmiðstöðvanna, orðalagi breytt, t.d. sett þátttakandi í staðinn fyrir nemandi og leiðbeinandi í staðinn fyrir kennari og tekið út það sem ekki passaði.

Smári sýndi eyðublað fyrir samning við leiðbeinendur og mun hann senda sýnishorn á hinar fræðslu- og símenntunarmiðstöðvarnar.

**Umræðuefni:**

**4. Gjaldskrá fjarfunda – Ásmundur Sverrir Sverrisson**

Stjórn Kvasis var á vörfundum 2006 falið að endurskoða gjaldskrá fyrir fjarfundabúnað og dreifði Sverrir tillögu að gjaldskrá fyrir fræðslu- og símenntunarmiðstöðvarnar þar sem mismunandi verð er fyrir samstarfsaðila og utanaðkomandi. Hér er um tillögu að viðmiðunargjaldskrá að ræða og jafnvel hægt að lækka verð þegar samstarfsaðilar eiga í hlut, að sögn Sverris.

Arna Jakobína kom með þá tillögu að miða frekar við eitt verð en veita síðan afslátt til samstarfsaðila.

Kvasir getur ekki bundið ákvarðanir allra fræðslu- og símenntunarmiðstöðvanna að sögn formanns Kvasis.

Haustfundur Kvasis, félags fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni, haldinn á Ísafirði 5. og 6. október 2006 samþykkti samhljóða nýja viðmiðunargjaldskrá fyrir útleigu á fjarfundabúnaði (sjá fylgirit). Þessi viðmiðunargjaldskrá gildir frá haustönn 2006 og þar til annað verður ákveðið.

Smári Haraldsson óskaði eftir því að það yrði bókað að hann áskildi sér rétt til að veita afslátt frá þessari viðmiðunargjaldskrá án þess að við það yrði gerð athugasemd frá öðrum fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum.

## **5. Tengingar á Menntabrunni f.h. Kvasis félaga – Bryndís Þráinsdóttir**

Bryndis skýrði frá því að mikið væri leitað til Farskólans og óskað eftir tengingum á Menntabrunni, t.d.. Framvegis sem greiðir ekki fyrir útsendingar. Pétur Björnsson skýrði frá því að á einhverjum tímapunkti hefði verið talað um að Framvegis kæmi inn sem eignaraðili að Menntabrunni en það hefði aldrei orðið af því. Hann sagði að upphaflega hugmyndin hefði verið að hann yrði tæknimaður og fengi greitt fyrir sína vinnu. Hann hefur hins vegar lítið fengið greitt og hefur óskað eftir því að hætta þjónustu vegna Menntabruar. Lagði áherslu á að þetta væri dýr þjónusta og fræðslu- og símenntunarmiðstöðvarnar yrðu að verðleggja þjónustu skv. viðmiðunargjaldskrá til að geta greitt tæknimanni.

Smári taldi að það væri æskilegt að a.m.k einn aðili á hverri fræðslu- og símenntunarmiðstöð kynni á tengingar. Ína sagði að MSS hefði lítið verið að nota þessa þjónustu og sagðist frekar vilja borga fyrir þjónustuna en að láta starfsmenn læra á kerfið. Síðasta námskeið varðandi Menntabruna

---

var í Skagafirði 2003 að sögn Bryndísar sem taldi að það væri tímabært að halda aftur námskeið.

Haustfundurinn samþykkir að vísa áframhaldandi vinnu og umræðu til stjórnar Kvasis.

## **6. FS-netið og framtíðin, Pétur Ingi Björnsson**

Í fyrra lá í loftinu að Framhalds- og Símenntunarnetið netið legðist af. Nú er það ljóst að svo verður ekki. FS-netið var tekið í notkun í febrúar 2003 og var samningur um netið var til fjögurra ára. Framtíðarsýn FS-netsins er að bjóða besta mögulega IP-nettengingu fyrir framhaldsskóla og símenntunarmiðstöðvar. Það er vett angur nýsköpunar og þróunar í kennsluháttum þar sem háhraðatenginga er krafist. FS-netið verður lykilþáttur í starfi framhaldsskóla, símenntunarmiðstöðva og útibúa þeirra. FS-netið mun auka samstarf við önnur stór samskiptanet fyrir menntun og rannsóknir, héraendis og erlendis.

Hvað næst! Útboð í samstarfi við vegagerðina, fækkun tenginga / lækkun kostnaðar og virðisaukning með því að stuðla að sameiginlegri grunnþjónustu.

## **7. Reiknireglur FA**

Óli Halldórs viðraði skoðun sína á hve undarlegt honum þykir reiknimódel FA m.a. vegna þess hve mikill munur er á fjárstuðningi til símenntunarmiðstöðvanna er í raun. Stærð svæða er ekki stór þáttur í reiknireglunni heldur grundvallast það meira á fjöldatölum á svæðunum. Hann gat þess að ef Kvasir ekki tæki þetta verkefni á sína könnu þá muni Þekkingarsetur Þingeyinga fylgja þessu verkefni eftir við Fræðslumiðstöðina. Umræður urðu um viðhorf til módelisins og komu mörg sjónarmið í ljós. Kosin var nefnd til að fjalla um málið frekar og fylgja því eftir. Í nefndina voru kosnir Óli frá Þekkingarsetri Þingeyinga, Ína úr stjórn Kvasis og fulltrúi frá Símei.

## **8. Kostnaðargreining háskólanámsins**

Ína fór yfir hvað stjórn tók inn í kostnaðargreiningu vegna háskólanámsins. Menn fögnuðu formúlunni og umræður urðu um eðli hennar og hverjar áherslur eiga að vera í einstökum liðum. Stjórn Kvasis fékk umboð þeirra stöðva sem hagsmuna eiga að gæta um háskólanám að

---

fara fram með formúluna og vinna hana betur. Fara síðan með erindi til fjárlaganefndar og víðar til að sækja fjármagn til háskólamenntunar.

### **9. Gjaldtaka vegna próftöku í símenntunarmiðstöðvunum.**

Ásmundur Sverrir kynnti formúlu fyrir prófgjöldum sem stjórn Kvasis hefur unnið. Það er ljóst að í tvo mánuði á ári fer einn starfsmaður alfarið í vinnu við prófayfirsetu og vinnu við prófin. Haustfundur Kvasis lýsir eindregnum vilja við gjaldtöku fyrir próftöku Stjórn er falið að hafa samband við háskólana varðandi gjaldtöku.